



55. Körfuknattleiksping | 25. mars 2023

Pingskjal nr. 4 – Tillaga um breytingu á reglugerð um körfuknattleiksmót

Reglugerð um körfuknattleiksmót

19. grein

1. DEILD KARLA

~~Deildin skal skipuð 10 liðum þar sem leikin er þreföld umferð. Í fyrstu tveimur umferðunum leikur hvert lið innbyrðis heima og að heiman gegn hverju hinna. Þriðja umferðin er alveg eins og fyrsta umferðin.~~

Deildin skal skipuð 12 liðum þar sem leikin er tvöföld umferð. Hvert lið leikur innbyrðis heima og að heiman gegn hverju hinna.

[...]

Greinargerð:

Undirritaðir eru sammála um að leikjafjöldi í þriggja umferða 10 liða deild sé of mikill. Kemur þar einkum tvennt til:

Í fyrsta lagi er kostnaður við þriggja umferða deild of mikill. Flest félögin eru lítil og með takmarkaðan mannafla og þurfa að hafa mikið fyrir því að kljúfa þann viðbótar ferða- og dómarakostnað sem fylgir þriðju umferðinni, og vildu gjarnan nýta þá fjármuni til annarra og mikilvægari þátta við uppbyggingu innviða félaganna.

Í öðru lagi er stór hluti af leikmannahópum féлага í 1. deild karla á ungmenna- og drengjaflokksaldri, og jafnvel enn yngri. Leikjaálag á þessa leikmenn er of mikið með öllum leikjum í sínum aldursflokki og 27 leikjum í 1. deild að auki. 12 liða deild með 22 leikjum er mun skaplegri. Við bætist að vinna við tilfærslur leikja í svo þéttri leikjadagskrá er óheyrileg, bæði fyrir skrifstofu KKÍ og forsvarsmenn félaganna, sem gjarnan vildu nýta tímann í önnur, þarfari verk.

Gylfi Þorkelsson, Körfuknattleiksfélagi Selfoss

Kristinn Ólafsson, Hamri

Hjördís Pálsdóttir, Snæfelli

Hjálmar Pálsson, Þór Ak.

Birgir Guðfinnsson, Fjölni

Sigríður Bjarnadóttir, Skallagrími

Árni Þór Hilmarsson, Umf. Hrunamanna

Karl Guðlaugsson, Ármanni

Neil Shiran Þórisson, Vestra

Birkir Alfons Rúnarsson, Þrótti Vogum

Fannar Freyr Helgason, ÍA

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



55. Körfuknattleiksping | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 4 – Tillaga um breytingu á reglugerð um körfuknattleiksmót

Umsögn mótanefndar KKÍ

Mótanefnd bendir á að síðustu tvö tímabil hafa lið sem hafa átt sæti í deildinni dregið sig út og nefndin hefur því þurft að leitast við að fylla deildina með liði sem átti ekki sæti í deildinni. Það er jafnframt mikilvægt að benda á það að tímabilin 14-15 (8 lið), 16-17 (9), 17-18 (9), 18-19 (8), 19-20 (9) og 20-21 (9) var deildin ekki fullskipuð.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld